



889. fundur stjórnar GSÍ, 9. júní 2017, kl.17:00 haldinn í Öndvarðanesi.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón Júlíus Karlsson, Rósa Jónsdóttir, Hansína Þorkelsdóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt og undirrituð

2. EGA stefnumótun

Haukur Örn fór yfir þær breytingar sem ættu sér stað ef nýtt skipulag á félagagjaldakerfi EGA myndi fá brautargengi hjá aðildarþjóðum og hvaða beinu áhrif þetta hefði á framlag Golfsambands Íslands til EGA á ársgrundvelli. Markmið með breytingunum er að EGA geti eftt sína starfsemi sem snýr að mótahaldi, umhverfismálum og umsjón með forgjafarkerfi fyrir aðildarþjóðir. EGA hafði veitt aðildarþjóðum frest til 16. júní til að koma með athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögur. Að lokinni umræðu samþykkti stjórn tillögur EGA og mun því ekki gera sérstakar athugasemdir við þær.

3. Íslandsmótið í holukeppni 2017

Haukur Örn gerði grein fyrir ástandi golfvallarins í Vestmannaeyjum en nokkrar flatir vallarins eru ekki með besta móti. Undanfarnefnd hefur tekið út völlinn og veitt álit sitt sem staðfestir það. Ræddar voru tillögur um að leika holukeppnina á 13 holu golfvelli, sem ráðgjafar GSÍ höfðu stillt upp. Stjórn samþykkti, að lokinni umræðu, að mótið yrði leikið á 13 holum og var mótsstjórn falið að útfæra keppnisfyrirkomulagið með nánari hætti.

4. Íslandsmótið í golfi, úthlutun 2019 og 2020

Framkvæmdastjóri upplýsti um að bréf hefði verið sent á golfklúbba landsins í byrjun mánaðarins þar sem óskað var eftir umsóknum frá klúbbum sem vilja halda mótin, eins og samþykkt hafði verið á síðasta stjórnarfundi. Í bréfinu var óskað eftir umsóknum ásamt rökstuðningi. Jón Júlíus formaður mótanefndar GSÍ greindi frá því að þó nokkrar umsóknir hefðu nú þegar borist. Umsóknarferli er í fullum gangi en þegar fresti líkur verður farið yfir þær umsóknir sem borist hafa.

5. Stuðningur við GO, vegna uppbyggingar á golfsvæði

Golfklúbburinn Oddur hefur óskað eftir formlegum stuðningi GSÍ vegna viðræðna við Garðabæ varðandi stuðning við uppbyggingu á íþróttasvæði klúbbsins, nánar tiltekið stækkun vallarins um níu holur. Forseta var veitt umboð stjórnar til að senda bréf til Garðabæjar þess efnis að GO hafi fullan stuðning GSÍ í viðræðunum.



6. Golfþing 2017

Haukur Örn velti upp málum tengt Golfþingi sem haldið verður 25. nóvember í Reykjavík þetta árið. Ákveðið hefur verið að bjóða til fundar í tengslum við Íslandsmótið í golfi þar sem formenn og framkvæmdastjórar klúbbanna geta rætt saman og farið yfir þau málefni sem þykir brýnt að taka fyrir á Golfþingi síðar á árinu. Framkvæmdastjóra var falið að boða til þess fundar í tíma. Meðal umræðuefna á fundinum yrðu:

- Félagsgjöld
- Fyrirtækjklúbbar / Vinavellir
- Markaðsrannsókn / Niðurstöður lífstílskönnunar
- Tillögur IT nefndar varðandi golf.is

7. Viðhorfskönnun Gallup 2017

Niðurstöður lífstílskönnunar Gallup sem gefur mynd af árinu 2016 voru ræddar og farið yfir þær niðurstöður og hvar sé að finna sóknartækifæri í framtíðinni. Það sem virðist hafa áhrif á fjölda leikna hringja hjá kylfingum árið 2016 er meðal annars veðurfar, stórmót í knattspyrnu og of há félagsgjöld á ungt fólk.

8. Önnur mál

- Næsti fundur boðaður 22. Ágúst kl. 17:00
- Farið yfir tilkynningu Jussi Pitkanen á vali á leikmönnum fyrir EM landsliða

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi var slitið kl. 19.30